

Úrskurður Samgöngustofu nr. 10/2024 vegna kvörtunar um seinkun á flugi Icelandair nr. FI622 þann 20. desember 2022.

I. Erindi

Þann 22. janúar 2023 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá AB (kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi Icelandair (IA) nr. FI622 frá Newark til Keflavíkur þann 20. desember 2022 kl. 19:30, og áætlaður komutími til Keflavíkur var kl. 06:10 þann 21. desember 2022. Fluginu var seinkað og varð brottför kl. 01:15 þann 21. desember 2022 og raunverulegur komutími var kl. 11:51 21. desember 2022. Seinkun flugsins var því um 5 klst. og 41 mínútur.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 466/2024 um réttindi flugfarþega.

II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi kvörtunina til IA umsagnar með tölvupósti þann 24. janúar 2023. Í svari IA sem barst þann 10. febrúar 2023 kom eftirfarandi fram:

Kvartandi krefst skaðabóta vegna seinkunar á flugi FI622 þann 20.12 síðastliðinn frá EWR-KEF. Þá vísar kvartandi í flug FI623 sem var í seinkun og leiddi þar af leiðandi til seinkunar á flugi hjá viðkomandi.

Sú vél, FI623, er í seinkun vegna slæmra veðuraðstæðna (hálsa og vindur) og einnig vegna þess að Reykjanesbrautinni hafði verið lokað þann 19.12 og 20.12.

Eins og sjá má í viðhengi þá var vélin í 230 mínútna seinkun vegna veðurs og svo 167 mínútna seinkun vegna veðurs.

Í dómi Evrópudómstólsins 4. maí 2017 nr. C-315/15 í máli Peskova og Peska g. Travel Services var leyst úr því álitæfni þegar seinkun má bæði rekja til viðráðanlegra og óviðráðanlegra aðstæðna. Í 4. niðurstöðulið dómsins má sjá þá vísireglu að draga eigi frá tíma vegna seinkunar sem má rekja til óviðráðanlegra aðstæðna frá heildarseinkun flugs við mat á því hvort að seinkun teljist bótaskyld skv. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. undanþágu í 3. mgr. 5. gr. Sé heildarseinkun að fráreginni seinkun vegna óviðráðanlegra aðstæðna undir 3 klukkustundum er ekki um bótaskylda seinkun að ræða. Var þessi reikniregla staðfest í úrskurði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í máli nr. SRN17050104.

Þá var staðfest í dómi Landsréttar nr. 280/2018 að óviðráðanlegar aðstæður sem valda keðjuverkandi áhrif seinkana á síðari flug sömu vélar falli í flokk óviðráðanlegra aðstæðna.

Í ljósi þessa verðum við að hafna bótakröfu kvartanda um evrópubætur í skilningi 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 261/2004.

Í gögnum sem IA sendi með umsögninni kom fram að seinkun vegna veðurs hafi verið á flugi FI623 frá Keflavík til Newark þann 20. desember 2022 og að seinkunin hafi numið í heild tæpum 7 klukkutímum, þar af 4 vegna veðurs.

SGS sendi kvartendum umsögn IA þann 13. febrúar til athugasemda. Í svari kvartanda sem barst 8. maí 2023 kom fram að kvartendur væru ósammála niðurstöðu IA og teldu niðurstöðuna ranga.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

SGS fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til SGS, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal SGS skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjón hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 466/2024. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er SGS sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir

seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr.

Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerð EB nr. 261/2004.

Fyrir liggur í málinu að kvartendur áttu bókað far með flugi nr. FI622 frá Newark til Keflavíkur þann 20. desember 2022 og að fluginu seinkaði um fimm klukkustundir og 45 mínútur. Álitafni þessa máls er hvort að umrædd seinkun sé bótaskyld á grundvelli EB reglugerðar nr. 261/2004. Í því samhengi kemur til skoðunar hvort að umrædda seinkun á flugi kvartenda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar sömu reglugerðar, sem ekki hefði verið hægt að afstýra.

Í svari IA vegna kvörtunarinnar vísaði IA til þess að ekki væri um bótaábyrgð að ræða þar sem vélinni sem átti að fara í flug FI623, hafi seinkað vegna slæmra veðuraðstæðna (hálsa og vindur) og einnig vegna þess að Reykjanesbrautinni hafði verið lokað þann 19.12 og 20.12.

Samgöngustofa hefur farið yfir gögn málsins, þ. á m. fluggögn vegna flugs FI623, sem fór frá Keflavík til Newark þann 20. desember 2022 og fór svo til baka sem flug FI622 þann 20. desember 2022, flug kvartenda í máli þessu. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna liggur fyrir að flugi FI623 seinkaði og að ástæður þeirrar seinkunar voru að sögn IA vegna slæmra veðuraðstæðna (hálsa og vindur) og einnig vegna þess að Reykjanesbrautinni hafði verið lokað þann 19.12 og 20.12.

Í málinu liggur fyrir að Reykjanesbrautin var að mestu lokað þann 19. desember sem og fyrri part 20. desember 2022. Þá var flestöllum flugum frá Keflavík aflýst þann 19. desember 2022, sjá í þessu sambandi skýrslu starfshóps á vegum innviðaráðuneytis um lokun Reykjanesbrautar¹ þar sem vont veður er staðfest en í skýrslunni kemur fram að „Aðfaranótt mánudagsins 19. desember gerði óvenjulegan veðurofsa á Reykjaneskaga með þeim afleiðingum að Reykjanesbraut var lokað frá álverinu í Straumsvík að Fitjum frá klukkan 04:04 mánudaginn 19. desember til klukkan 20:59 (16,9 klst.) og aftur frá klukkan 22:19 til klukkan 11:51 þriðjudaginn 20. desember (13,5 klst.).

Með vísan til þeirra veðurgagna sem IA hefur lagt fram, sem og til þeirra áhrifa sem aflýsingar fyrri fluga höfðu á flug í kjölfarið, er það mat Samgöngustofu að um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða og að gera verði ráð fyrir að tilteknu svigrúmi IA til þess að vinda ofan af

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skiol/Reykjanesbraut%20skyrsla%20starfshops%20januar%202023.pdf>

stöðunni. Að mati Samgöngustofu er seinkun á flugi kvartenda þannig til komin af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hafi verið hægt að afstýra, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Með hliðsjón af framangreindu eru skilyrði bótaskyldu samkvæmt 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024 ekki uppfyllt og ber að hafna kröfu kvartenda um staðlaðar skaðabætur vegna seinkunar á flugi FI622 þann 20. desember 2022.

Úrskurðarorð

Kröfum kvartenda um skaðabætur úr hendi IA vegna seinkunar á flugi nr. FI622 þann 20. desember 2022, er hafnað.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 29. maí 2024.

Kristín Helga Markúsdóttir

Ómar Sveinsson